

# Upphlutur

*Efni:* 0,60 m svart klæði eða silki 1,20 m breitt.

*Fóður:* 0,60 m af 1,20 m breiðu, þarf að vera þétt og sterkt.

*Borðar:* 0,25 m flauel og tilheyrandi vír til balderingar.

*Bönd:* 2,50 m flauelsbönd eða önnur til bryddinga. 1.00 m mjó flauelsbönd í leggingar á baki.

*Knipplingar:* 2,00 m örmjóir gylltir eða silfurlitir.

Sniðið upphlutinn með 2—3 cm saumfari á hliðum og öxlum, 1 cm saumfari að neðan, en án saumfara í hálsmál og handveg.

Setjið merkþræðingu á bak samkvæmt teikningu, þar sem leggja á flauelsbönd og knipplinga. Þræðið saman og mátið. Lagfærið ef með þarf.

(Ágætt er að prófa sniðið með því að sníða fyrst úr lérefti og máta vel áður en sniðið er úr klæðinu er nota á).

Saumið saman hliðar- og axlarsauma og strjúkið sauma sundur. Saumið fóðrið eins.

Leggið nú saman ranghverfur á yfirborði og fóðri. Látið sauma standast á, og þræðið saman við hálsmál og handveg.

Nú eru flauelsbönd lögð á boglínur á baki. Þau eru saumuð á í höndum gegnum bæði borð, og byrjað á þeim jafri, sem myndar stærri boga, síðan hinu megin og þarf þá bandið að hafast við þar sem boginn er krappastur. Saumið nú knipplingana sitt hvoru megin við böndin, það er líka gert í höndum.

Á sama hátt eru lögð flauelsbönd og knipplingar yfir axlarsauma.

Þá eru baldýraðir borðar lagðir framan á framstykkinn og saumaðir við í höndum. Innri brún þeirra er saumuð frá réttu gegnum bæði borð, en ytri brún frá röngu, brotið inn af fóðri að framan og það saumað við borðann. (Sjá lýsingu á balderingum í Hugur og hönd '67).

Áður en hálsmál og handvegur eru brydduð þarf að máta vel, því aðgát þarf, svo ekki flái. Er því gott að varpa saman fóður og ytra borð þétt og vel.

Nú eru hálsmál og handvegur brydduð. Séu notuð skábönd úr sama efni og upphluturinn, eru þau saumuð á í vél, rétta mót réttu, hvolfst yfir brúnina og lagt niður við á röngu, í vélstunguna. Sama aðferð er notuð við Herkulesbönd. Mestur vandinn er að brydda með flauelsböndum

af því að í þeim liggur beint. Er þá bandið lagt með röngu mót réttu á bol, stungið niður í brúnina í vél eða saumað í höndum, brotið yfir á röngu og lagt niður við bandið flatt í vélstunguna.

Bryddingin nær fram yfir borðana.

Þá er næst að ganga frá í mitti. Áður fyrr var saumaður mjór strengur 1—1½ cm breiður neðan á bolinn, úr sama efni og bolurinn og fóðraður. Sá galli var á þetta mjóum streng, að hætta var á að sæist milli bols og pils. Þykir því mörgum betra að hafa strenginn breiðari, mætti t.d. sauma 5—6 cm breiðan fóðurrenning í vél, neðan á bolinn, brjóta hann tvöfaldan yfir á röngu og leggja niður við í vélstunguna.

Sumir hafa renninginn enn breiðari, hafa hann þá einfaldan og fella hann í mitti. Hylja þá saumfarið, sem leggst niður, en er ekki flatt út vegna borðanna, með skábandi, eða mjóum renning.

Hvaða breidd sem höfð er á strengnum eru settir 4—5 krókar að aftan á móti jafnmörgum lykkjum á pils. Að framan eru saumuð 2 krókarpör.

Að síðustu eru myllur festar á upphlutsborðana.